

31. júlí 2020

Kæru íbúar og aðstandendur Hrafnistu,

Í ljósi þess að smitum vegna Covid er að fjölga hratt í samfélaginu hefur Neyðarstjórn Hrafnistu tekið þá þungbæru ákvörðun að loka enn frekar fyrir heimsóknir gesta inn á Hrafnistu, frá og með morgundeginum, **laugardaginn 1. ágúst 2020**. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Frá og með 1. ágúst:

- **Hefur aðeins einn ákveðinn aðstandandi heimild til að koma í heimsókn á ákveðnum heimsóknartíma. Upplýsingar um heimsóknartíma hafa aðstandendur fengið sendar með tölvupósti. Húsin eru læst á öðrum tímum sólarhringsins.**
- **Við biðjum ykkur að reyna að hafa sama aðstandanda sem er að koma í heimsókn, því það dregur úr líkum á smiti. Biðjum þann aðstandanda að viðhafa eins mikla sóttkví heima og hægt er.**

Við biðlum einnig til íbúa heimilanna að viðhafa eins mikla sóttkví og hægt er. Forðast með öllu verslunarferðir, stóra mannfagnaði eða ekki í heimsóknir. Samgangur á milli deilda innan Hrafnistu verður takmarkaður eins og hægt er, innan skynsamlegra marka.

Við hvetjum alla gesti Hrafnistu til að hlaða niður **smitrakningnarappi almannavarna Rakning C-19**, ef þeir hafa ekki gert það nú þegar.

Eins er mikilvægt að við minnum hvort annað á eftirfarandi:

Alls ekki koma inn á Hrafnistu þó um undanþágutilfellum sé að ræða ef:

- Þú ert í sóttkví**
- Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku**
- Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.**
- Þú ert með COVID-19 lík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, sviðverki, niðurgang o.fl.).**
- Þú ert með einhver önnur almenn einkenni um veikindi.**

Við erum öll almannavarnir og biðjum við ykkur því vinsamlega að leggja okkur lið í baráttunni við óværuna og gera allt sem við getum til að vernda okkar viðkvæmasta hóp. Þetta er alvara upp á líf og dauða og því biðjum við ykkur um aðstoð. Saman erum við sterkari og líklegri til að ná árangri.

Kær kveðja,

Neyðarstjórn Hrafnistu.